

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 21. apríl 2026.

Mál nr. 312/2026:

## Lögrelustjórinn á Suðurlandi

(Rósamunda Jóna Baldursdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Guðbrandur Jóhannesson lögmaður)

### Lykilorð

Kærumál. Nálgunarbann.

### Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var gert að sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni á grundvelli laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Ragnheiður Bragadóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 17. apríl 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum samdægurs. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. apríl 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem staðfest var að hluta ákvörðun sóknaraðila 28. mars 2026 um að varnaraðili skyldi sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni í tvo mánuði frá þeim degi. Kæruheimild er í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
- Sóknaraðili krefst þess að ákvörðun hans verði staðfest að öllu leyti um að varnaraðili skuli sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola, A, í tvo mánuði frá birtingu ákvörðunarinnar, þannig að lagt sé bann við því að varnaraðili komi að eða sé við [...], íbúð [...], á svæði sem afmarkast af 50 metrum mælt frá útveggjum hússins á allar hliðar. Að auki verði varnaraðila bannað að veita brotþola eftirför, heimsækja hana eða nálgast á almannafæri sem nemur 50 metra radíus frá staðsetningu brotþola hverju sinni eða vera með nokkru öðru móti í sambandi við brotþola, beint eða óbeint, svo sem með símtölum, tölvupósti, á samfélagsmiðlum eða með nokkrum öðrum hætti.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, til vara að nálgunarbanni verði markaður skemmri tími en að því frágengnu að úrskurðurinn verði staðfestur.

## Niðurstaða

- 4 Með hinum kærða úrskurði var staðfest ákvörðun sóknaraðila um að varnaraðili skyldi sæta nánar tilgreindu nálgunarbandi gagnvart brotaþola, utan þess að felldur var úr gildi sá hluti ákvörðunarinnar er laut að því að varnaraðila væri bannað að vera með nokkru öðru móti í sambandi við brotaþola, beint eða óbeint, svo sem með símtölum, tölvupósti eða á samfélagsmiðlum.
- 5 Samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2011 er heimilt að beita nálgunarbandi ef rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða hætta sé á að hann geri það. Fram kemur í 1. mgr. 6. gr. sömu laga að nálgunarbandi skuli aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti og skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Við það mat er samkvæmt 2. mgr. heimilt að líta meðal annars til þess hvort háttsemi sakbornings á fyrri stigum hafi verið þannig háttað að hætta sé talin á að hann muni hafa í frammi háttsemi sem lýst er í 4. gr. laganna.
- 6 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða að skilyrði 4. gr. laga nr. 85/2011 fyrir beitingu nálgunarbands séu uppfyllt í málinu.
- 7 Í skýrslutöku hjá lögreglu 27. mars 2026 lýsti brotaþoli því að varnaraðili hefði sent henni skilaboð daglega og stundum nokkrum sinnum á dag. Lýsti hún því meðal annars að varnaraðili virtist alltaf vita þegar hún yfirgæfi heimili sitt og sendi henni þá skilaboð eða syni þeirra. Hún sagði að þessi háttsemi varnaraðila ylli henni hræðslu og vanlíðan. Í skýrslutöku hjá lögreglu sama dag kannaðist varnaraðili aðspurður við að hafa sent brotaþola skilaboð en gaf á því tiltekna skýringu.
- 8 Samkvæmt þessu verður að fallast á með sóknaraðila að rökstuddur grunur leiki á um að varnaraðili hafi raskað friði brotaþola með því að senda henni skilaboð og að hætta sé á að hann haldi þeirri háttsemi áfram. Verður fallist á að nálgunarband varnaraðila gagnvart brotaþola skuli einnig ná til þess að honum sé bannað vera í sambandi við brotaþola, beint eða óbeint, svo sem með símtölum, tölvupósti, á samfélagsmiðlum eða með nokkrum öðrum hætti. Verður ákvörðun sóknaraðila því staðfest.
- 9 Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 14. gr. laga nr. 85/2011.

## Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sóknaraðila, lögreglustjórans á Suðurlandi, þess efnis að varnaraðili, X, skuli sæta nálgunarbandi gagnvart brotaþola, A, í tvo mánuði frá birtingu ákvörðunarinnar, þannig að lagt er bann við því að varnaraðili komi að eða sé við [...], íbúð [...], á svæði sem afmarkast af 50 metrum mælt frá útveggjum hússins á allar hliðar. Að auki er varnaraðila bannað að veita brotaþola eftirför, heimsækja hana eða nálgast hana á almannafæri sem nemur 50 metra radíus frá

staðsetningu brotaþola hverju sinni eða vera með nokkru öðru móti í sambandi við brotaþola, beint eða óbeint, svo sem með símtölum, tölvupósti, á samfélagsmiðlum eða með nokkrum öðrum hætti.

Póknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, Guðbrands Jóhannessonar lögmanns, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

### Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. apríl 2026

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 14. apríl 2026.

Sóknaraðili er Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Varnaraðili er X, kt. [...].

#### Dómkröfur

Af hálfu lögreglustjórans á Suðurlandi er þess krafist að Héraðsdómur Suðurlands staðfesti ákvörðun hans, dags. 28. mars 2026 og birt þann sama dag kl. 11:06, fyrir X, kt. [...], um að hann skuli sæta nálgunarbanni gagnvart A, kt. [...], í 2 mánuði frá birtingu ákvörðunarinnar sbr. 4. gr. laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011. Þannig að lagt er bann við því að X komi að eða sé við [...], íbúð [...], á svæði sem afmarkast af 50 metrum mælt frá útveggjum hússins á allar hliðar. Að auki verði X bannað að veita eftirför, heimsækja, nálgast á almannafæri sem nemur 50 metra radíus frá staðsetningu A hverju sinni eða vera með nokkru öðru móti í sambandi við hana, beint eða óbeint, svo sem með símtölum, tölvupósti, á samfélagsmiðlum eða með nokkrum öðrum hætti.

Varnaraðili krefst þess að ákvörðun lögreglustjóra verði felld úr gildi, en til vara að nálgunarbanni verði markaður skemmri tími. Þá krefst verjandi varnaraðila póknunar sér til handa. Af hálfu réttargæslumanns brotaþola er þess krafist að ákvörðun sóknaraðila verði staðfest og póknunar réttargæslumanni til handa.

#### Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er vísað til atvika sem fram koma í gögnum málsins og þess rökstuðnings sem fram kemur í ákvörðun lögreglustjóra dags. 28. mars 2026. Skýrsla var tekin af brotaþola hjá lögreglu þar sem fram kom að hún og varnaraðili væru í skilnaðarferli, en erindi brotaþola við lögreglu þann 11. febrúar 2026 var að leita eftir aðstoð svo varnaraðili myndi hætta að áreita hana. Hefði varnaraðili flutt í byrjun þess mánaðar ásamt tveimur börnum þeirra varnaraðila en frá þeim tíma hefði varnaraðili verið að ónáða hana nokkrum sinnum á dag, stundum með hléum. Kæmi hann eftir vinnu og væri í kringum heimili brotaþola og nokkrum sinnum að nóttu til eftir upplýsingum nágranna. Þann 10. febrúar síðastliðinn hefði brotaþoli séð varnaraðila fyrir utan svefnherbergisglugga brotaþola. Hefðu gardínur verið dregnar fyrir gluggann en hún séð skugga varnaraðila um smá glufu. Hún hefði sest upp úr rúmi sínu og litið hafi út fyrir að varnaraðili væri með farsíma í hendinni og verið að taka upp þegar hann hafi verið utan við gluggann. Þegar hún hafi áttað sig á að hann væri að taka hana upp hafi hún dregið betur fyrir gluggann og varnaraðili hlaupið að útidyrhurðinni en hún ekki opnað fyrir honum. Þau hafi rætt saman í gegnum hurðina og varnaraðili spurt hver væri hjá henni, en enginn mætti þar vera þar sem hún væri enn eiginkona hans. Taldi brotaþoli að varnaraðili teldi einnig að hún mætti ekki taka á móti gestum þegar börnin væru heima. Hún hafi orðið pirruð og sagt honum að fara en ella myndi hún kalla eftir lögregluaðstoð. Varnaraðili hafi þá ekið á brott. Einnig kemur fram í skýrslu brotaþola að 6. febrúar hafi hún fengið kunningja í heimsókn til að aðstoða sig við flutning og hafi þau orðið varnaraðila vör skammt frá og að

hann hefði gengið í kringum heimili hennar. Taldi hún hann vera að fylgjast með gestakomum og hefði hún fengið skilaboð um kvöldið frá honum þar sem hann hefði spurt af hverju gestir væru þegar börnin væru heima og af hverju hann mætti ekki koma til hennar. Hefði hann komið fyrir þetta kvöld og óskað eftir að komast inn á heimili brotþola ella hringdi hann í lögreglu eða barnavernd. Hefði hún ekki hleypt honum inn. Aðspurð hafi brotþoli ekki sagst vera hrædd við varnaraðila en óttaðist hvað myndi gerast. Hún svæfi ekki vel og fylgdist með í gegnum glugga hvort hann væri fyrir utan. Lýsti brotþoli slæmri líðan og að hendur hennar hefðu hrist.

Í skýrslu lögreglu kemur einnig fram að 21. mars hafi borist tilkynning um að varnaraðili væri mættur fyrir utan heimili brotþola og væri að áreita hana og börn hennar. Við komu lögreglu á vettvang hafi brotþoli sagt varnaraðila hafa komið heim til hennar þrisvar fyrir um kvöldið og hótad börnum hennar að hringja í lögreglu eða barnavernd af því að þau væru ein heima. Hafi brotþoli farið út um kl. 19 til að hitta vinkonur og leyft börnunum að vera ein en þau væru [...] og [...] ára gömul. Varnaraðili hefði þá mætt að heimilinu og bankað á alla glugga til að ná sambandi við börnin, en þau ekki viljað hitta hann og orðið hrædd. Hafi brotþoli sagt varnaraðila áreita sig og börnin á hverjum degi ýmist með því að standa fyrir utan heimili hennar og horfa inn eða setja sig í samband við börnin með öðrum hætti. Hafi hún sagst eiga myndefni og gögn um þetta.

Skýrsla var tekin af brotþola 25. mars 2026 þar sem meðal annars kom fram að mikið væri í gangi og að varnaraðili væri að koma að heimili hennar til að ónáða. Hann vissi þegar hún yfirgæfi heimilið og sendi henni eða syninum þá skilaboð um leið með spurningum um hvert hún væri að fara og hverja hún ætlaði að hitta. Er eftir brotþola haft að hún óskaði eftir nálgunarbanni en hún væri hrædd, gæti hvergi farið og væri ítrekað að fylgjast með hvort varnaraðili væri fyrir utan heimili hennar. Nefndi brotþoli hvenær hún hefði síðast farið út og þá fengið skilaboð með spurningum um ferðir hennar. Þá hefði sonur þeirra sagt varnaraðila hafa komið heim til þeirra þrisvar sinnum, labbað í kringum húsið, bankað á glugga og síðan hringt í soninn til að segja honum að hann ætlaði að hringja í lögreglu, barnavernd og lögmann. Nefndi brotþoli að hún sæi varnaraðila stundum aka götuna, leggja fyrir utan heimilið og kíkja á glugga. Lýsti brotþoli því að hún væri stressuð, skylfi og gréti er hann kæmi eða sendi skilaboð. Þá greindi hún frá líðan sonar þeirra vegna háttsemi varnaraðila. Kom fram að brotþoli og varnaraðili færu með sameiginlega forsjá barnanna, ekki væri búið að semja um umgengni en börnin vildu ekki vera í sambandi við varnaraðila. Nefndi brotþoli að varnaraðili hefði verið að senda á hana eða koma að heimili hennar daglega utan síðustu daga. Ítrekaði brotþoli kröfu um nálgunarbann gagnvart heimili hennar og vinnustað en ekki gagnvart börnunum en þau væru ekki hrædd við hann og mættu hitta hann hvenær sem þau vildu. Lýsti brotþoli líðan sinni þannig að hún væri oft grátandi og skjálfandi frammi á meðan börnin væru í herbergi þeirra. Hún væri alltaf stressuð og vissi ekki hvort varnaraðili myndi koma í vinnuna til hennar. Er haft eftir réttargæslumanni að verið væri að leggja fram kæru vegna umsáturseineltis, en áður hefði verið lögð fram kæra vegna heimilisofbeldis.

Í skýrslu varnaraðila hjá lögreglu þann 27. mars síðastliðinn kvaðst hann vera saklaus. Brotþoli og hann væru enn í skilnaðarferli en brotþoli hefði sótt um skilnað í ágúst 2025. Byggi hann einn eftir að brotþoli og börn þeirra hefðu flutt út af heimilinu. Kvað varnaraðili samskipti hans og brotþola ekki vera mikil en þau tali saman af og til og hann fari að heimili hennar þegar hún óski eftir að fá eigur sínar af heimili hans. Hún bannaði honum að hitta börn þeirra. Kvaðst varnaraðili ekki vita af hverju brotþoli talað um hann sem eltihrælli en hann héldi það hafa komið til eftir þáliðinn laugardag þegar hann hafi hringt á lögreglu þar sem hann hafi vitað að börn þeirra væru ein heima. Hún hafi þá sagst vera á leið til vinnu en verið að fara á stefnumót, en hann hefði séð brotþola í bifreið með öðrum manni fyrir utan heimilið. Varnaraðili kvaðst hafa farið á heimili brotþola til að athuga með börnin og sent skilaboð á son sinn um ferðir varnaraðila og að hún væri með öðrum manni. Kvaðst varnaraðili hafa átt gott samband við börn sín en ekki haft samband við þau eftir að skilnaðarferli hófst.

Varnaraðili kvaðst aðspurður hafa farið tvisvar að heimili brotaþola síðastliðinn laugardag en hann hafi verið forvitinn og viljað hitta börnin. Enginn hafi svarað er hann hafi farið í fyrra skiptið og því farið aftur að heimili brotaþola. Brotaþoli hefði verið í samskiptum við sig um kvöldið og komið að heimili varnaraðila. Varnaraðili kvað ekki rétt að hafa áreitt brotaþola er hún hafi ætlað af heimili sínu en kannaðist við að hafa sent henni skilaboð með spurningum um ferðir hennar en áhyggjur af börnunum hafi ráðið. Kvað varnaraðili eingöngu hafa verið um að ræða tilraunir til samskipta við brotaþola vegna barna þeirra. Hann væri ekki daglega fyrir utan heimili brotaþola. Er hann hefði stöðvað bifreið sína þar hafi það verið til að hitta börnin en það væri ekki daglega. Hann hefði ekki verið að ganga í kringum heimili brotaþola og kíkja á glugga, en hefði einu sinni talað við son sinn í gegnum glugga. Kvaðst varnaraðili ætla að reyna að ná fundum barna sinna annars staðar en við heimili brotaþola í sumar. Ekki væri rétt að hann væri í daglegum samskiptum við brotaþola um að spyrja hana ferða eða hvern hún væri að hitta. Kvað varnaraðili brotaþola segja sér að hafa ekki samband við hana en hún hefði samband við hann. Aðspurður hefði varnaraðili ekki ekið í veg fyrir brotaþola við vinnustað hennar en hefði viljað hitta hana þar, en þangað hefði hann sjaldan farið. Varnaraðili var inntur eftir atviki 10. febrúar 2026 þar sem hann hafi átt að vera við svefnherbergisglugga brotaþola. Kvaðst hann hafa farið til brotaþola til að ræða við hana, en séð hana með öðrum manni og tekið myndband til að afla sér sönnunar þess. Um atvik 6. febrúar 2026 og hvort hann hefði gengið í kringum hús brotaþola kvaðst varnaraðili ekki hafa að segja annað en að sama dag hefði hann farið að heimili brotaþola og hún hleypt honum inn en tilgangurinn hafi verið að spyrja um börnin.

Í ákvörðun sóknaraðila eru rakin lagaskilyrði nálgunarbanns samkvæmt lögum nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Greint er frá því að brotaþoli hafi flutt af heimili sínu og varnaraðila með börnum þeirra í febrúar síðastliðnum og að síðan hafi lögregla endurtekið verið kvödd að núverandi heimili brotaþola og barnanna vegna óvelkominnar veru varnaraðila þar en einnig liggja fyrir tilkynningar varnaraðila um fjarveru brotaþola af heimilinu og áhyggjur hans af börnunum sem þar hafi verið ein. Er greint frá því að varnaraðili hafi neitað sök en viðurkennt að hafa farið að heimili brotaþola til að nálgast börn sín en að hann hafi ekki getað skýrt hvers vegna hann hafi ekki sett sig í samband við þau með öðrum hætti en að koma að heimili brotaþola óvelkominn. Hafi hann einnig viðurkennt að hafa tekið upp myndskaið af brotaþola inn um glugga á heimili hennar til að afla sönnunar um að hún væri að hitta annan mann. Þá hafi hann viðurkennt að hafa fundið sig knúinn til að upplýsa ólögráða barn þeirra sérstaklega um að móðir þess væri á stefnumóti með öðrum manni. Hafi varnaraðili hafnað nálgunarbanni, en ekkert séð athugavert við háttalag sitt gagnvart brotaþola og börnum þeirra. Hafi hann sagst reiðubúinn að skoða aðrar samskiptaleiðir við börn sín næstkomandi sumar. Taldi sóknaraðili að skilyrði væru til að fallast á beiðni um að leggja nálgunarbann á varnaraðila. Var honum gert að sæta nálgunarbanni í tvo mánuði frá birtingu ákvörðunar þannig að bann var lagt við því að hann kæmi að sé væri við [...] á svæði sem afmarkaðist af 50 metrum mælt frá útveggjum hússins á allar hliðar. Að auki var varnaraðila bannað að veita eftirför, heimsækja, nálgast á almannafæri sem nemi 50 metra rás frá staðsetningu brotaþola hverju sinni eða vera með nokkru öðrum móti í sambandi við hana beint eða óbeint, svo sem með símtölum tölvupósti, á samfélagsmiðlum eða með nokkrum öðrum hætti.

Í kröfu sóknaraðila kemur fram að miðvikudaginn 8. apríl síðastliðinn kl. 16:42 hafi borist krafa frá verjanda varnaraðila um að lögreglustjóri beri ákvörðunina undir héraðsdóm til staðfestingar.

## Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig að það sé mat lögreglustjóra að fyrir hendi sé rökstuddur grunur um að varnaraðili hafi framið refsivert brot og raskað friði brotaþola. Þá sé, eins og mál þetta liggur fyrir, talin hætta á að varnaraðili brjóti gegn brotaþola á sambærilegan hátt, þannig að skilyrði bæði a. og b. liða 4. gr. laga nr. 85/2011 teljist uppfyllt. Þá verði að telja sennilegt eins og mál þetta liggur fyrir að friðhelgi brotaþola verði ekki vernduð með öðrum og vægari hætti, sbr. 6. gr. sömu laga.

Varnaraðili telur skilyrði nálgunarbands ekki vera fyrir hendi en hann og brotaþoli séu að skilja og varnaraðili hafi aðeins verið að reyna að hitta börn sín. Ákvörðun lögreglustjóra sé ekki studd gögnum og ekkert sagt um ætluð refsiverð brot, en varnaraðili hafi ekki fengið í hendur rannsóknargögn málsins. Ekki sé um að ræða endurtekin brot og refsiverð háttsemi ekki sönnuð. Allar vitjanir varnaraðila sem um ræðir hafi verið vegna barnanna og um eðlilegar erindagjörðir að ræða.

## Niðurstaða

Fyrir dóminn hefur verið lögð fram krafa sóknaraðila og ákvörðun embættisins um nálgunarband frá 28. mars 2026, en rannsóknargögn önnur liggja fyrir dómnum.

Í 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarband og brottvísun af heimili segir að heimilt sé að beita nálgunarbandi ef rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða hætta er á að hann brjóti gegn brotaþola samkvæmt framansögðu. Í 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 85/2011 segir að nálgunarbandi og/eða brottvísun af heimili verði aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Við mat á því sé heimilt að líta til þess hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbandi og/eða brottvísun af heimili sem og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig háttað að hætta sé talin á að hann muni fremja háttsemi sem lýst er í 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna.

Að mati dómsins er nægjanlega upplýst að varnaraðili hafi ítrekað verið við heimili brotaþola og svefnherbergisglugga þar gegn vilja hennar. Hefur varnaraðili viðurkennt að hafa tekið upp myndband af brotaþola þar sem hún var innan dyra. Kemur einnig fram í gögnum málsins að brotaþoli standi óhugur af þessum heimsóknum og því að varnaraðili reyni að hafa við hana samband við heimili hennar. Ljóst er að varnaraðila hafa verið aðrar leiðir færar til að ná sambandi við brotaþola eða börn sín. Er að mati dómsins fram kominn rökstuddur grunur um að varnaraðili hafi brotið gegn 228. gr. og 232. a. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að varnaraðili hafi raskað friði brotaþola. Voru þannig að mati dómsins uppfyllt skilyrði 4. gr. laga nr. 85/2011. Verður ekki talið að unnt hafi verið að vernda friðhelgi brotaþola á annan hátt en með nálgunarbandi.

Ákvörðun sóknaraðila um að gera varnaraðila að sæta nálgunarbandi er bundin við heimili brotaþola og hana sjálfa sem og samskipti með öðrum hætti eins og í ákvörðun greinir. Er banninu þó markaður skammur tími. Það er hins vegar mat dómsins í ljósi 2. málslíðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 85/2011 að gögn málsins beri ekki með sér að nauðsynlegt hafi verið að banna varnaraðila önnur samskipti við brotaþola eins og með símtölum, tölvupóstum, samfélagsmiðlum eða öðrum hætti. Verður ákvörðun sóknaraðila því felld úr gildi að því er þann þátt varðar, en staðfest að öðru leyti, allt eins og í úrskurðarorði greinir.

Þóknanir verjanda og réttargæslumanns greiðast úr ríkissjóði, samkvæmt 38. og 48. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 14. gr. laga nr. 85/2011, og teljast hæfilega ákveðnar að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í úrskurðarorði.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

## Úrskurðarorð

Staðfest er ákvörðun lögreglustjórans á Suðurlandi, dags. 28. mars 2026 og birt þann sama dag kl. 11:06, fyrir varnaraðila X, kt. [...], um að hann skuli sæta nálgunarbandi gagnvart A, kt. [...], í 2 mánuði frá

birtingu ákvörðunarinnar þannig að varnaraðila sé bannað að koma að eða vera við [...], íbúð [...], á svæði sem afmarkast af 50 metrum mælt frá útveggjum hússins á allar hliðar auk þess sem varnaraðila X sé bannað að veita eftirför, heimsækja, nálgast á almannafæri sem nemur 50 metra radius frá staðsetningu A hverju sinni.

Felldur er úr gildi sá hluti ákvörðunar sóknaraðila um að varnaraðila sé bannað vera með nokkru öðru móti í sambandi við A svo sem með símtölum, tölvupósti eða á samfélagsmiðlum.

Þóknanir skipaðs verjanda varnaraðila, Guðbrands Jóhannessonar, 176.700 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Kristrúnar Elsu Harðardóttur lögmanns, 220.875 krónur, greiddast úr ríkissjóði.